

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2021

Í Garðabæ hófust frjómælingar 15. mars og stóðu til 30. september, samtals í 200 daga. Frjókorn mældust frá 27 frjó- og gróhópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 1.851 frjó/m³. Aldrei áður hafa mælst svo fá frjókorn í Garðabæ. Af þessum frjókornum voru 1.072 grasfrjó (58%), 101 birkifrjó (5%), 57 súrufrjó (3%) og 25 asparfrjó (1%) (1. mynd). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 458 (25%) þar af voru furu/grenifrjó 121 (6,5%) og lyngfrjó einnig 121 (6,5%). Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

Fyrsta þekktu frjókornið kom í gildruna þann 19. mars og var þar um lyngfrjókorn að ræða.

Asparfrjó mældust fyrst þann 5. maí og voru í lofti flesta daga næstu þrjár vikur á eftir en yfirleitt þó bara 1–2 frjó á sólarhring, einstaka sinnum 3 frjó/m³. Þau mældust aðeins undir meðaltalinu (34 frjó/m³), alls 25 frjó/m³.

Birkifrjó mældust alls 101 frjó/m³ sem er mjög langt undir meðaltali árána 2011–2020 (701 frjó/m³). Fyrsta birkifrjóíð mældist 24. apríl en eftir 8. júní mældust þau samfelld í 10 daga, 75% af heildarfjöldanum. Hámark birkifrjóa var 9. júní þegar frjótalan fór í 19 frjó/m³.

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2021, raðað eftir fjölda.


Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ lofts
Gras	Poaceae	1.072
Fura / greni	Pinaceae	121
Lyng	Ericales	121
Birki	<i>Betula</i>	101
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	57
Víðir	<i>Salix</i>	31
Ösp	<i>Populus</i>	25
Stör	<i>Carex</i>	20
Netla	<i>Urtica</i>	19
Rósaætt	Rosaceae	18
Elfting	<i>Equisetum</i>	16
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	16
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	13
Beitilyng	<i>Calluna</i>	11
Belgjurtir	Leguminosae	9
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	9
Mosi	<i>Sphagnum</i>	9
Yllir	<i>Sambucus</i>	8
Maðra	<i>Galium</i>	7
Einir	<i>Juniperus</i>	7
Sóley	<i>Ranunculus</i>	6
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	5
Fífill	Compositae Cichorideae	4
Elri (Ölur)	<i>Alnus</i>	3
Körfublóm	Asteraceae	3
Álmur	Ulmus	1
Hélunjóli	Chenopodiaceae	1
Óþekkt/ógreind	incognito	138

Grasfrjó komu fyrst í gildruna 5. júní. Þau mældust síðan flesta daga til ágústloka en mjög lítið í september. Mest var um grasfrjó í júlí eins og undanfarin ár eða 651 frjó/m³, þau voru næstflest í ágúst, 262 talsins, og í júní mældust einungis 150 frjó/m³.

Þann 28. júlí voru flest grasfrjókorn í lofti eða 193 frjó/m³. Að auki fór frjótalan þrisvar sinnum yfir 50 frjó/m³ þetta sumarið en bara einu sinni yfir 100 frjó/m³. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 1.072 frjó/m³ sem er vel undir meðaltali árána 2011–2020 (1.376 frjó/m³).

Súrufrjó mældust fyrst 8. júní. Alls mældist 57 súrufrjó/m³ sem er vel undir meðaltali sem er 113 frjó/m³, flest í júlí. Frjótalan fór hæst í 6 frjó/m³ þann 29. júlí.





1. mynd. Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2021.

Sumarið 2021 í Garðabæ var langt undir meðallagi hvað varðar heildarfrjómagn (2. tafla). Aldrei hafa mælst svo fá frjókorn í Garðabæ og aðeins einu sinni meðan mælingar voru í Reykjavík. Árið 1993 mældust 1513 frjó/m³.

Frjóríkasti mánuður sumarsins var júlí (847 frjó/m³) en september var sá rýrasti (22 frjó/m³). Mars er ekki talinn með, enda aðeins mælt frá 15. mars.

Í öllum mánuðum nema mars mældust frjókorn undir meðallagi (2. tafla).

Þetta sumar voru að jafnaði rúmlega níu frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts í Garðabæ. Þau hafa aldrei áður mælst svo fá. Hæsta samanlögð frjótala mældist 28. júlí (204 frjó/m³).

Frjókorn mældust í lofti nánast hvern dag frá 23. apríl til 5. september. Þau mældust einu sinni yfir 200 frjó/m³, einu sinni yfir 100 frjó/m³ og einnig sex sinnum yfir 50 frjó/m³.

Almennt tók gróður hægt við sér eftir kalt og þurrkt vor. Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands (júní til september) voru meðalhiti og úrkoma á höfuðborgarsvæðinu þó í heildina nálægt meðallagi miðað við síðustu 10 ár. Óvenju þungbúið var suðvestanlands í sumar og sólskinsstundir með því minnsta sem mælst hefur í Reykjavík. Má ætla að gróður hafi aldrei almennilega tekið við sér, miðað við þetta lága frjómagn í sumar á höfuðborgarsvæðinu.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2021 og meðaltal árána 2011–2020.

Mánuður	2021	Meðaltal
Mars	8	5
Apríl	30	53
Mái	167	293
Júní	415	1.282
Júlí	847	954
Ágúst	362	461
September	22	57
Samtals	1.851	3.103

Í október 2021,
Ellý Guðjohnsen

